

# REGLUGERÐ KSÍ

## um knattspyrnumót

### **I. Kafli. ALMENN ÁKVÆÐI**

1. gr.

*Knattspyrnumót*

- 1.1 Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram í samræmi við knattspyrnulögin og samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.
- 1.2 KSÍ skal leitast eftir því að gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA og FIFA
- 1.3 Knattspyrnuráð, héraðssambond og aðildarfélög KSÍ geta sett sér eigin móttareglur en þær skulu staðfestar af KSÍ.
- 1.4 Stjórn KSÍ getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mótt og framkvæmd leikja.

2. gr.

*Aldursflokkaskipting*

- 2.1 Aldursflokkaskipting leikmanna skal vera sem hér segir:
  - 2.1.1 Meistaraflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 20 ára.
  - 2.1.2 2. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 17 ára og til og með því almanaksári er hann verður 19 ára.
  - 2.1.3 3. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 16 ára.
  - 2.1.4 4. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 13 ára og til og með því almanaksári er hann verður 14 ára.
  - 2.1.5 5. aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 11 ára og til og með því almanaksári er hann verður 12 ára.
  - 2.1.6 6. aldursflokkur: Til og með því almanaksári er leikmaður verður 10 ára.
- 2.2 Efsti aldursflokkur ber heitið meistaraflokkur. Í öðrum aldursflokkum skal liðum skipt í keppnisröð eftir getu niður í A, B, C o.s.frv. en þeim liðum má jafnframt skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 o.s.frv. Í dæmaskyni: Lið A1 er ofar í keppnisröð en A2, A2 er ofar en B1, B1 er ofar en B2, B2 er ofar en C o.s.frv.

3.gr.

*Hlutengi*

- 3.1 Hlutengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn sem hafa keppnisleyfi skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 3.2 Keppnisleyfi er heimild leikmanns til þátttöku í opinberum knattspyrnuleik, sem fæst sjálfkrafa við fyrstu skráningu í iðkendaskrá KSÍ eða með tilkynningu sem gefin er út af skrifstofu KSÍ í kjölfar félagaskipta. Dómara eða eftirlitsmanni er heimilt að óska eftir því við leikmenn, sem skráðir eru á leikskýrslu í opinberum knattspyrnuleikjum, að þeir sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.
- 3.3 Lið telst ekki ólöglega skipað hafi leikmaður sem tekið hefur þátt í opinberum knattspyrnuleik aldrei verið skráður í iðkendaskrá KSÍ og er af þeim sökum ekki með keppnisleyfi.
- 3.4 KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfelli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta

með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

4.gr.  
*Framkoma og ábyrgð*

- 4.1 Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.
- 4.2 Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.
- 4.3 Félögum, iðkendum, forystumönnum og öðrum er með öllu óheimilt, beint eða óbeint, að taka þátt í ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum.
- 4.4 Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilar sem taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin móti. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning. Leikmanni, forsvarsmanni félags eða starfsmanni leiks eða félags sem leitað er til af aðila sem hefur í hyggju að hafa óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með aðstoð framangreindra aðila ber skylda til þess að tilkynna slíkt tafarlaust til skrifstofu KSÍ.

5.gr.  
*Trygging iðkenda*

- 5.1 Allir samningsbundnir leikmenn skulu vátryggðir skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti samninga og stöðu leikmanna og félaga. Félagi er skylt að senda KSÍ afrit af tryggingarskírteini sínu fyrir slíka leikmenn og skal það gert fyrir 30. apríl.

6.gr.  
*Verðlaunagripir og verðlaunapeningar*

- 6.1 Stjórn KSÍ veitir verðlaunagripi sem vinnast til eignar í öllum mótum á vegum KSÍ þar sem keppt er til úrslita. Í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni KSÍ og deildarbikarkeppni KSÍ skal einnig veita verðlaunagripi sem sigurvegarar varðveita þar til keppt er um þá næst. Stjórn KSÍ getur sett ítarlegri reglur um einstaka verðlaunagripi.
- 6.2 Verði hætt að keppa um verðlaunagrip, sem um hefur verið keppt í landsmóti eða móti, sem er opið fleiri héruðum en einu, skal hann falinn stjórn KSÍ til varðveislu og ráðstöfunar.
- 6.3 Félög, sem hafa undir höndum verðlaunagrip, sem keppt er um í móti á vegum KSÍ, skulu skila honum til mótanefndar eigi síðar en einum mánuði áður en móti næsta árs lýkur.
- 6.4 Sigurvegurum í mótum og þeim sem hafna í 2. sæti skal veita verðlaunapeninga skv. ákvörðun stjórnar KSÍ.
- 6.5 Fjöldi verðlaunapeninga til verðlaunahafa skal vera 25 en þó skal KSÍ heimilt að verðlauna fleiri þáttakendur gerist þess þörf. Þegar við á skal fjöldi verðlaunapeninga vera 14 (innanhússknattspyrna og knattspyrna í 7- og 8 manna liðum).

## II Kafli. KEPPNISREGLUR

7.gr.

*Takmörkun á hlutgengi.*

- 7.1 Enginn má leika með yngri aldursflokki en honum ber. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu fyrir leikmann 15 ára og yngri, ef um er að ræða félagslegar eða læknisfræðilegar ástæður. Umsókn félags skal staðfest af forráðamanni leikmanns og henni skal fylgja vottorð viðurkennds fagaðila, t.d. félagsráðgjafa, sálfræðings eða læknis.
- 7.2 Eldri og yngri aldursflokkar mega ekki keppa innbyrðis.
- 7.3 Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti, má enginn leikmaður leika nema með einu liði. Í yngri aldursflokkum er heimilt að víkja frá þessu ákvæði samkvæmt nánari reglum þar um.
- 7.4 Enginn leikmaður má taka þátt í nema einum kappleik sama daginn, nema leikjum hafi verið þannig raðað niður, t.d. í úrslitakeppni og þá einungis í einum aldursflokki. Félagi er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu ef sýnt þykir að viðkomandi félag getur ekki mannað 11 manna lið í 3. eða 4. flokki nema með því að nota leikmann úr yngri flokki sem þó hefur leikið sama dag. Undanþágubeiðni skal skila skriflega til mótanefndar KSÍ a.m.k. þremur sólarhringum fyrir leik og ber mótanefnd að svara umsókn a.m.k. sólarhring fyrir leik.
- 7.5 Um hlutgengi leikmanna í leikjum í 2., 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna gildir eftirfarandi:

  - 7.5.1 Ef félag tilkynnir fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti sama aldursflokk skal liðum vera skipt í samræmi við gr. 2.2.
  - 7.5.2 Félag sem hefur tilkynnt fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti er heimilt tefla fram í hverju liði leikmönnum sem voru ekki á meðal byrjunarliðsmanna og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik liða sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki í næsta leik á undan.
  - 7.5.3 Leikmönnum í 2. og 3. aldursflokki er óheimilt að leika með tveimur eða fleiri liðum sama dag með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á síðari hálfleik í leik liðs ofar í keppnisröð er heimilt að leika með liði neðar í keppnisröð í næsta leik þar á eftir, sbr. þó gr. 7.4. Leikmönnum í 4. aldursflokki er óheimilt að leika með tveimur eða fleiri liðum sama dag með þeirri undantekningu að leikmaður sem var ekki í byrjunarliði í leik liðs ofar í keppnisröð er heimilt að leika með liði neðar í keppnisröð í næsta leik þar á eftir, sbr. þó gr. 7.4.
  - 7.5.4 Í úrslitakeppni í 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna er heimilt að tefla fram í hverju liði leikmönnum sem ekki eru á meðal þeirra 11 leikmanna sem byrjað hafa flesta leiki liða í Íslandsmóti sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki. Ef ekki er ljóst hvaða 11 leikmenn hafa leikið flesta leiki, þar sem tveir eða fleiri hafa leikið jafn marg a leiki, þá eru þeir leikmenn allir óhlutgengir.
  - 7.5.5 Félag sem hefur tilkynnt fleiri en eitt lið til þátttöku í Íslandsmóti í sama aldursflokki ber ábyrgð á hlutgengi og talningu á leikjafjölda leikmanna.
  - 7.6 Félagi er heimilt að leyfa konum að taka þátt í keppni með liði karla í 3. aldursflokki og enn yngri flokkum.

8.gr.

*Lágmarksfjöldi leikmanna*

- 8.1 Keppni getur ekki hafist, ef færri en 9 leikmenn úr sama liði eru mættir, þegar 10 mínútur eru liðnar frá því að keppni átti að hefjast. Skal hinn skipaði dómarí þá gefa skýrslu til KSÍ innan sólarhrings um að leikur hafi getað farið fram og tilgreina ástæður.

- 8.2 Verði leikmenn liðs færri en 7 skal dómari slíta leiknum. Viðkomandi lið telst hafa tapað leiknum 0 - 3 nema staðan hafi verið óhagstæðari fyrir liðið og skal þá sú staða skráð sem úrslit leiksins.

9.gr.  
*Leikskýrsla*

- 9.1 Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ við útfyllingu hennar.
- 9.2 Í efstu deild karla og 1. deild karla skulu þau félög sem taka þátt senda KSÍ A- og B leikmannalista sbr. hér að neðan yfir þá leikmenn sem hafa keppnisleyfi með viðkomandi félagi skv. leiðbeiningum KSÍ viku fyrir fyrsta leik í viðkomandi deild. Aðeins leikmenn skráðir á leikmannalista A eða leikmannalista B geta verið skráðir á leikskýrslu í leikjum í efstu deild karla og 1. deild karla.
- 9.2.1 Á leikmannalista A skal skrá að hámarki 25 leikmenn og skulu 8 af þeim hafa verið skráðir hjá aðildarfélögum KSÍ á aldurstímabilinu 15 ára (eða frá upphafi þess keppnistímabils sem leikmaður verður 15 ára) – 21 árs (eða til loka þess keppnistímabils þegar leikmaður verður 21 árs), samfellt eða samtals í 36 mánuði og þar af a.m.k. 4 af þessum 8 leikmönnum hjá því félagi sem í hlut á. Breyta má skráningu á leikmannalista A í félagaskiptatímabilum eða þegar leikmanni er veitt keppnisleyfi.
- 9.2.2 Á leikmannalista B má skrá ótakmarkaðan fjölda leikmanna sem verða 21 árs á almanaksárinu eða eru yngri og hafa verið skráðir hjá því félagi sem í hlut á samfellt í a.m.k. 24 mánuði frá því þeir urðu 15 ára (eða frá upphafi þess keppnistímabils sem leikmaður verður 15 ára). Skrá má leikmenn á listann sem hafa keppnisleyfi með viðkomandi félagi í 3. aldursflokki. Bæta má leikmanni á B leikmannalista hvenær sem er á keppnistímabilinu svo fremi sem hann hafi keppnisleyfi með viðkomandi félagi.
- 9.2.3 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 9.2., skal félagini gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málunin vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.
- 9.3 Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Í keppni 7 og 8 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).
- 9.4 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúnungi þannig þó að engir leikmenn sama liðs beri sama númer. Leikmaður skal bera númer 1 til 99 og skal númerið 1 aðeins úthlutað markverði.
- 9.5 Leikmenn sem leika í efstu deild eða 1. deild karla eða efstu deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer skal aðeins úthlutað einum leikmanni. Félög í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert eða fyrsta leik ef hann er fyrr.
- 9.6 Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjur hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómar er tilnefndur af KSÍ skal dómarinn sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrslu skal skilað skv. fyrirmælum KSÍ.

9.7 Félögum ber skylda til að skrá upplýsingar á leikskýrslum í heimaleikjum sínum í gagnagrunn KSÍ sem hér greinir:

- a) Úrslit leiks skulu skráð strax að leik loknum.
- b) Allar upplýsingar á leikskýrslu í meistaraflokkum skulu skráðar innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur.
- c) Í keppni 7 og 11 manna liða (öðrum en meistaraflokk) skal skrá upplýsingar á leikskýrslu innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Nauðsynlegt er að skrá áminningar, brottvísanir og nöfn dómarra.
- d) Til þess að félag geti tekið þátt í úrslitakeppni þarf félagið að hafa lokið skráningu á leikskýrslum allra keppnisliða í viðkomandi aldursflokk.

10.gr.  
*Búnaður leikmanna*

- 10.1 Keppnisbúningur leikmanns er Treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við knattspyrnulögin eins og annar búnaður leikmanns.
- 10.2 Allir leikmenn sama kappliðs, að undanskildum markverði, skulu vera í eins litum búningi. Séu búningar beggja liðanna svo líkir, að dómarar veitist örðugt að greina á milli, skal það félag sem á heimaleik halda sínum aðalbúningi. Sé einhver leikmanna í búningi sem frábrugðinn er búningi félaga hans skal dómarari víkja honum af leikvelli þar til ákvæði þessu hefur verið fullnægt.
- 10.3 Félag skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings. Aðallitir keppnisbúnings skulu mest vera þrír en litir treyju þó mest tveir. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings. Litir til skreytingar (aukalitir) á keppnisbúningi skulu vera þannig að aðallitir séu vel greinanlegir.
- 10.4 Reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnumanna kveður nánar á um önnur atriði.
- 10.5 Félögum (vallyaryfirvöldum) skal heimilt að setja bann við notkun á grasskóm á grasvöllum sínum í landsmótaum allra flokka nema meistarafloks. Heimalið (vallyaryfirvöld) skal tilkynna gestaliði við komu á leikstað hvort það hyggist notfæra sér þessa heimild og upplýsa jafnframt dómarar um það. Grasskór eru allir takkaskór sem hafa skrúfaða takka.

11.gr.  
*Keppnisknettir*

- 11.1 Það félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal leggja til knött og varaknetti í leikinn.
- 11.2 KSÍ skal heimilt að semja um notkun knattar af tiltekinni gerð í einstök mótt á þess vegum.

### **III. kafli. MÓTAREGLUR**

12.gr.  
*Mótanefnd KSÍ*

- 12.1 Mótanefnd annast yfirstjórn móttamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd.

13.gr.  
*Þátttökuréttur*

- 13.1 Aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum knattspyrnumótaum nema móttareglur kveði á um annað.

- 13.2 Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótagreglur kveði á um annað.
- 13.3 Stjórn KSÍ skal í samráði við mótanefnd ákveða þáttökugjöld í móturnum á vegum KSÍ.
- 13.4 Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þáttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þáttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki tekna til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og uppihaldskostnaðar dómarara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.

14.gr.  
*Sameiginleg lið*

- 14.1 Heimilt er tveimur félögum eða fleiri að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.
- 14.2 Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulagt og senda stjórn KSÍ til staðfestingar fyrir 10. janúar, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.
- 14.3 Ákveði tvö eða fleiri félög að senda sameiginlegt lið til þáttöku í landsmótum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.
- 14.4 Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þáttöku í landsmótum viðkomandi aldursflokks skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hett þáttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokki. Félögin geta þó sótt um til stjórnar KSÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

15.gr.  
*Framkvæmd og skipulag leikja*

- 15.1 Aðildarfélög KSÍ annast framkvæmd heimaleikja sinna og greiða kostnað vegna þeirra nema mótagreglur kveði á um annað. Þá annast aðildarfélög KSÍ framkvæmd þeirra leikja er mótanefnd kann að fela þeim.
- 15.2 Aðildarfélög KSÍ skulu sjálf standa straum af ferða- og uppihaldskostnaði í leikjum sínum nema mótagreglur kveði á um annað.
- 15.3 Aðildarfélög KSÍ sem sjá um framkvæmd leikja, skulu í einu og öllu fara eftir útgefinni leikjaskrá. Í efstu deild karla, efstu deild kvenna og 1. deild karla skulu félög senda skrifstofu upplýsingar um fjölda áhorfenda strax að leik loknum og eigi síðar en 8 dögum frá því að leikur fór fram. Í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla og bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki kvenna skal senda skrifstofu KSÍ skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld strax að leik loknum og eigi síðar en 8 dögum frá því að leikur fór fram.
- 15.4 Reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini kveður á um hverjur hafa ókeypis aðgang að leikjum.
- 15.5 Milli kappleikja hjá sama liði skulu líða minnst 2 heilir dagar, en heimilt er mótanefnd að styrra þennan tíma ef nauðsyn krefur.
- 15.6 Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómarara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómarí

tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar. Mótanefnd skal að teknu tilliti til aðstæðna ákvarða hvort úrslit skulu standa sé leikur flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínumútu er dómarí flautaði leik af.

Miðað skal við að leik sé framhaldið frá þeirri mínumútu sem honum var hætt, ef við verður komið og þá skv. forsendum um þáttöku leikmanna sem mótanefnd ákveður. Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skulu standa ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínumútu er dómarí flautaði leik af. Hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.

- 15.7 Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komið félög sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykka það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félög missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokk. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

Óskir um breytingar á útgefinni leikjaskrá skulu berast mótanefnd á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af mótanefnd. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga fyrir leikdag. Gjald þetta er kr. 3.000.- í yngri aldursflokkum en kr. 17.500.- í meistarafloKKI. EKKI er innheimt gjald ef óskin um breytingu er nauðsynleg vegna verkfna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Mótanefnd er heimilt að setja nánari reglur um verklag og skulu þær koma fram á eyðublaði nefndarinnar. Félög geta óskað eftir breytingum á leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna ef leikir U17 ára eða eldri landsliða verða til þess að leikmaður eða leikmenn viðkomandi félags geti ekki leikið með félagsliðum sínum. Mótanefnd skal verða við ósk um breytingu enda sé hún rökstudd og henni verður viðkomið.

- 15.8 Mótanefnd er heimilt að færa lið niður um riðil/deild í yngri flokkum, berist henni rökstudd ósk um það frá stjórn hlutaðeigandi félags með þáttökutilkynningu.
- 15.9 Ef sæti losnar í riðli/deild í yngri flokkum skal mótanefnd ákveða hvaða félag tekur sætið sem losnar.
- 15.10 Mót á vegum aðildarfélaga KSÍ skal tilkynna mótanefnd fyrir 1. mars ár hvert og þau dagsett í samráði við hana.
- 15.11 Heimboð erlendra knattspyrnuflokka svo og utanferðir innlendra flokka skulu vera í samráði við viðkomandi knattspyrnuráð og mótanefnd KSÍ.

## 16.gr. Úrslitakeppnir

- 16.1 Mótanefnd annast skipulag og niðurröðun úrslitaleikja og úrslitakeppna í yngri flokkum, en getur falið einstökum félögum að hafa umsjón með keppni. Mótanefnd er heimilt án endurgjalds að setja úrslitaleik í yngri aldursflokkum á völl félags sem tekur þátt í mótm yngri aldursflokk. Mótanefnd skal í samráði við dómaranefnd KSÍ hafa eftirlit með úrslitaleikjum og eftir því sem unnt er framkvæmd úrslitakeppna, sem félögum er falið að annast.
- 16.2 Ef félög vilja hafa umsjón með úrslitakeppni í yngri flokkum karla eða kvenna skulu þau tilkynna mótanefnd það fyrir 1. júlí. Umsókn félags um tiltekna keppni er eingöngu bindandi fyrir félagið ef það hefur unnið sér rétt til að taka þátt í henni. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd en þær skulu hafa forgang ef kostur er á því.
- 16.3 Mótanefnd getur heimilað félögum á einstökum landssvæðum að senda úrvalslið í úrslitakeppni einstakra móta. Umsókn frá hlutaðeigandi félögum skulu berast mótanefnd KSÍ fyrir 1. júlí.

17.gr.  
*Lögmæti kappleiks*

- 17.1 Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.
- 17.2 KSÍ getur lagt bann við að kappleikur fari fram, ef sýnt þykir eða rökstuddur grunur er um, að ekki verði farið eftir gildandi reglum.

18.gr.  
*Knattspyrnuvellar*

- 18.1 Leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ skulu fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Eftifarandi flokkun skal fylgt um lágmarkskröfur:

| Flokkur | Karlar   | Konur  |
|---------|--|--|
| A       | Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ  |  |
| B       | Efsta deild<br>Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ   | Úrslitaleikur í bikarkeppni KSÍ  |
| C       | 1. deild<br>8 og 16 liða úrslit í bikarkeppni KSÍ  | Efsta deild<br>Undanúrslit í bikarkeppni KSÍ                                     |
| D       | 2. deild<br>3. deild<br>4. deild<br>2. aldursflokkur<br>3. aldursflokkur<br>4. aldursflokkur | 1. deild<br>2. deild<br>2. aldursflokkur<br>3. aldursflokkur<br>4. aldursflokkur |

Í mótaum, sem falla undir flokk D eða E skal leitast við að leikir fari fram á leikvöllum með annaðhvort grasi eða knattspyrnugrasi. Mótaneftnd KSÍ skal heimilt að veita félögum undanþágu frá þessari flokkun í einstökum leikjum.

- 18.2 Félög skulu tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem félagið hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert og jafnframt leikvallar til vara verði aðalleikvöllur óleikfær. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótaum á vegum KSÍ hafnað. KSÍ skal gera grein fyrir leikvöllum félaganna á heimasíðu KSÍ undir félagatali.
- 18.3 Félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal tryggja fyllsta öryggi leikmanna og dómara leiksins. Á öllum leikvöllum skulu vera tiltækar sjúkrabörur og aðstaða og annar útbúnaður til þess að sinna fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.

Í mótaum sem falla undir flokka A, B og C skal eftifarandi gilda eða vera til staðar:

- a) Búningsherbergi beggja liða skulu útbúin nuddbekk og krítar- eða tússtöflu og skulu þau vera frátekin fyrir viðkomandi lið og starfsmenn leikja frá því 75 mín fyrir leik og þar til 45 mín eftir að leik lýkur.
- b) Búningsherbergi dómara leiks skulu útbúin borði og stólum svo að þeir geti sinnt þar viðeigandi skýrslugerð.
- c) Spjöld vegna leikmannaskipta skulu vera tiltæk.
- d) Tvennar sjúkrabörur skulu vera tiltækar.

- e) Ef þörf er á, skal tryggt með gæslu að leið leikmanna og dómarar leiksins milli búningsherbergja og leikvallar sé varin á þann hátt að öruggt sé að áhorfendur geti ekki veist að þeim.

19.gr.  
*Dómaramál*

19.1 Með þáttökutilkynningum í landsmót og bikarkeppnir skal tilgreina nafn á einum starfandi dómarar næsta keppnistímabil, fyrir hvert lið, sem tilkynnt er þátttaka fyrir. Einnig skal koma fram nafn þess sem hefur umsjón með málefnum dómarar hjá félaginu.

19.2 KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómarar í leikjum í eftirfarandi mótm:

- a. öllum mótm KSÍ í meistaraflokki,
- b. A og B deild 2. flokks karla og kvenna
- c. bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- d. úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni 2. aldursflokkss.

19.3 Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómarar í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótm:

- a. landsmótm yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í A og B deild 2. flokks karla og kvenna]
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótm:

- a. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks,
- b. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- c. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

19.4 KSÍ getur falið félagi, sem hefur umsjón með úrslitakeppni í yngri flokkum, að annast dómgæslu í viðkomandi keppni.

19.5 Hafi dómarar eða aðstoðardómarar með tilskilin réttindi ekki mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast, skal leik frestað og settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs. Þessi regla á við þegar heimalið ber ábyrgð á mætingu dómarar og aðstoðardómara. Sömu tímamörk gilda einnig þegar KSÍ ber ábyrgð á dómarar og/eða aðstoðardómurum. Skal í slíkum tilfellum setja leikinn á að nýju á sama velli og áður. Greiðir KSÍ þá allan kostnað vegna dómarar og/eða aðstoðardómara, svo og ferðakostnað aðkomuliðs. Í 1. deild kvenna, 2. deild kvenna, 3. deild karla og riðlakeppni 4. deildar karla skal leikur þó fara fram þrátt fyrir að aðstoðardómarar tilnefndir af KSÍ mæti ekki til leiks og skal þá leikið án aðstoðardómara eða með aðstoðardómurum tilnefndum af heimaliði skv. ákvörðun dómarans.

19.6 Noti dómarar rétt sinn til að fresta leik eða slíta skal hann ganga frá skýrslu og skýra ástæðu ákvörðunar sinnar. Slík skýrsla skal send skrifstofu KSÍ næsta virka dag eftir leik.

19.7 Af hverjum leik sem fram fer í efstu-, 1.-, 2.-, 3.- og 4. deild karla og efstu-. 1.- og 2. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómarar og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds

í ofangreindum deildum og greiðslur til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni A og B deildar Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara.

20. gr.  
*Töfluröð í stigakeppni*

20.1 Leikjum í stigakeppni er að öllu jöfnu raðað eftir þessum töflum:

**3-4 lið:**

|           |     |     |
|-----------|-----|-----|
| 1. umferð | 1-4 | 2-3 |
| 2. umferð | 4-3 | 1-2 |
| 3. umferð | 2-4 | 3-1 |

**5-6 lið:**

|           |     |     |     |
|-----------|-----|-----|-----|
| 1. umferð | 1-6 | 2-5 | 3-4 |
| 2. umferð | 1-2 | 5-3 | 6-4 |
| 3. umferð | 3-1 | 4-5 | 2-6 |
| 4. umferð | 2-3 | 1-4 | 6-5 |
| 5. umferð | 5-1 | 3-6 | 4-2 |

**7-8 lið:**

|           |     |     |     |     |
|-----------|-----|-----|-----|-----|
| 1. umferð | 1-8 | 2-7 | 3-6 | 4-5 |
| 2. umferð | 1-2 | 7-3 | 6-4 | 8-5 |
| 3. umferð | 3-1 | 4-7 | 5-6 | 2-8 |
| 4. umferð | 1-4 | 2-3 | 7-5 | 8-6 |
| 5. umferð | 5-1 | 4-2 | 6-7 | 3-8 |
| 6. umferð | 1-6 | 2-5 | 3-4 | 8-7 |
| 7. umferð | 7-1 | 6-2 | 5-3 | 4-8 |

**9-10 lið:**

|           |      |     |     |     |     |
|-----------|------|-----|-----|-----|-----|
| 1. umferð | 1-10 | 2-9 | 3-8 | 4-7 | 5-6 |
| 2. umferð | 10-6 | 1-2 | 9-3 | 8-4 | 7-5 |
| 3. umferð | 2-10 | 3-1 | 4-9 | 5-8 | 6-7 |
| 4. umferð | 10-7 | 1-4 | 2-3 | 9-5 | 8-6 |
| 5. umferð | 3-10 | 5-1 | 4-2 | 6-9 | 7-8 |
| 6. umferð | 10-8 | 1-6 | 2-5 | 3-4 | 9-7 |
| 7. umferð | 4-10 | 7-1 | 6-2 | 5-3 | 8-9 |
| 8. umferð | 10-9 | 1-8 | 2-7 | 3-6 | 4-5 |
| 9. umferð | 5-10 | 9-1 | 8-2 | 7-3 | 6-4 |

**11-12 lið:**

|            |      |      |      |      |       |       |
|------------|------|------|------|------|-------|-------|
| 1. umferð  | 2-11 | 3-10 | 4-9  | 5-8  | 6-7   | 1-12  |
| 2. umferð  | 8-6  | 9-5  | 10-4 | 11-3 | 1-2   | 12-7  |
| 3. umferð  | 3-1  | 4-11 | 5-10 | 6-9  | 7-8   | 2-12  |
| 4. umferð  | 9-7  | 10-6 | 11-5 | 1-4  | 2-3   | 12-8  |
| 5. umferð  | 4-2  | 5-1  | 6-11 | 7-10 | 8-9   | 3-12  |
| 6. umferð  | 10-8 | 11-7 | 1-6  | 2-5  | 3-4   | 12-9  |
| 7. umferð  | 5-3  | 6-2  | 7-1  | 8-11 | 9-10  | 4-12  |
| 8. umferð  | 11-9 | 1-8  | 2-7  | 3-6  | 4-5   | 12-10 |
| 9. umferð  | 6-4  | 7-3  | 8-2  | 9-1  | 10-11 | 5-12  |
| 10. umferð | 1-10 | 2-9  | 3-8  | 4-7  | 5-6   | 12-11 |
| 11. umferð | 7-5  | 8-4  | 9-3  | 10-2 | 11-1  | 6-12  |

- 20.2 Fyrri talan táknað heimalið en seinni talan gestalið. Ef leikin er tvöföld keppni, snúast tölurnar við í seinni umferðinni.
- 20.3 Ef mörg lið frá sama héraði eða nærliggjandi svæði eiga að leika á sama degi er heimilt að víkja frá ákvæðum þessum.
- 20.4 Mótanefnd KSÍ er heimilt að styðjast við tölvuforrit við niðurröðun leikja.

21. gr.  
*Stigakeppni*

- 21.1 Í stigakeppni skal leikið uns einn hefur keppt við alla og allir við einn.
- 21.2 Í stigakeppni gefur sigur liði 3 stig, jafntefli 1 stig og tap ekkert stig, nema annað sé tekið fram í reglugerð móts.
- 21.3 Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- c. Fjöldi skoraðra marka.
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
- f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
- g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokki, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti.

- 21.4 Stigakeppni 5. aldursflokk og yngri flokka
- 21.4.1 Sigurvegari í stigakeppni í 5. aldursflokk eða yngri flokka er það lið sem hlýtur flest stig. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi:
- a. Fjöldi stiga.
  - b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
  - c. Hlutkesti.
- 21.4.2 Sigurvegari í stigakeppni í úrslitakeppni 5. aldursflokk eða yngri flokka er það lið sem hlýtur flest stig. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi:
- a. Fjöldi stiga.
  - b. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
  - c. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
  - d. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
  - e. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
  - f. Fjöldi skoraðra marka.
  - g. Hlutkesti.
- 21.5 Ef lið eru jöfn að stigum í úrslitakeppni 4., 5. og 6. aldursflokk, þar sem leikið er í riðlum, telja ekki mörk viðkomandi liða í leikjum gegn neðsta liði viðkomandi riðils.

22.gr.  
*Leikið til þrautar*

- 22.1 Þegar leikið er til þrautar í útsláttarkeppni skal framlengt ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma. Ef enn er jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni skv. ákvæðum knattspyrnulaganna.
- 22.2 Ef lið skilja jöfn í úrslitaleik að loknum venjulegum leiktíma, skal framlengja leikinn og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni skv. ákvæðum knattspyrnulaganna.
- 22.3 Ef til framlengingar kemur skal gefa hlé í 5 mínútur frá lokum venjulegs leiktíma þar til framlenging hefst. Ekki skal gefa leikhlé milli hálffleikja í framlengingu, heldur hefja leik að nýju strax og lið hafa skipt um vallarhelming.
- 22.4 Þegar leikið er til þrautar í útsláttarfyrirkomulagi þannig að leikið er í tveimur leikjum, heima og heiman, þar kemst það lið áfram, sem skorað hefur fleiri mörk samanlagt í báðum leikjum viðkomandi liða. Fáist ekki úrslit þannig, skal framlengt í síðari leik liðanna og sé enn, skulu úrslitin ráðin með vítaspyrnukeppni.

#### **IV. Kafli. KNATTSPYRNUMÓT KSÍ**

23.gr.  
*Meistaraflokkur karla*

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

#### **Akvæði til bráðabirgða 2022:**

*Í efstu deild karla, 1. deild karla og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálffleik framlengingar til skiptinga.*

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efsta deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettir eru jafngildir. Skiptknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

#### **23.1 Íslandsmót**

- 23.1.1 Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þáttökuliðum skipt í 5 deildir. efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deildar.
- 23.1.2 Tvö neðstu liðin í efstu deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í efstu deild.
- 23.1.3 Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.
- 23.1.4 Tvö neðstu liðin í 2. deild færast næsta leikár niður í 3. deild og tvö efstu liðin í 3. deild færast næsta leikár upp í 2. deild.

- 23.1.5 Tvö neðstu liðin í 3. deild færast næsta leikár niður í 4. deild og tvö efstu liðin í 4. deild færast næsta leikár upp í 3. deild.
- 23.1.6 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 4. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Fyrst skal fara fram riðlakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 3. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.
- 23.1.7 Í öllum deildum, að efstu deild karla undanskilinni, er leikin tvöföld umferð þar sem leikið er heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 4. deild að víkja frá þessu ákvæði. Í efstu deild karla er leikið í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er leikin tvöföld umferð þar sem leikið er heima og heiman. Í síðari hluta er annars vegar leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex efstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum og hins vegar er leikin einföld umferð á milli þeirra sex liða sem sitja í sex neðstu sætum deildarinnar að fyrri hluta loknum. Þau stig sem lið hafa unnið sér inn að loknum fyrri hluta færast með inn í síðari hluta. Í síðari hluta skal leikið eftir eftirfarandi töfluröð:
- Efri hluti:
- |           |     |     |     |
|-----------|-----|-----|-----|
| 1. umferð | 1-6 | 3-5 | 2-4 |
| 2. umferð | 6-2 | 3-1 | 5-4 |
| 3. umferð | 1-5 | 2-3 | 4-6 |
| 4. umferð | 4-1 | 2-5 | 6-3 |
| 5. umferð | 1-2 | 3-4 | 5-6 |
- Neðri hluti:
- |           |      |      |        |
|-----------|------|------|--------|
| 1. umferð | 7-12 | 9-11 | 8-10   |
| 2. umferð | 12-8 | 9-7  | 11-10  |
| 3. umferð | 7-11 | 8-9  | 10-12  |
| 4. umferð | 10-7 | 8-11 | 12-9   |
| 5. umferð | 7-8  | 9-10 | 11-12. |
- 23.1.8 Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í viku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.
- 23.1.9 Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð fyrri og síðari hluta efstu deildar á sama tíma. Sama gildir um síðustu umferð í 1. deild karla. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þátttöku í Evróukeppni), skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
- 23.1.10 Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (2., 3. eða 4. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.
- 23.1.11 Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í 4. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild, 1., 2. eða 3. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið tilbaka samkvæmt leyfisherfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.12.
- 23.1.12 Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfisherfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þátttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:
- Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu ef hann uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í 1. deild, en ella taka sæti í 2. deild. Leyfisumsækjandi í 1. deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 2. deild á keppnistímabilinu.

- b. Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem fíll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.
  - c. Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið sem fíll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í 1. deild, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.
- 23.1.13 Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og uppihaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflýst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félagini það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómari verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflýst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.
- 23.1.14 Tekjur af seldum aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skylt að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

### **Ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2022:**

*Keppnistímabilið 2023 skal 4. deild karla skipuð eftirfarandi liðum:*

- a) *Þeim félögum sem falla úr 3. deild karla 2022.*
- b) *Öllum þeim félögum sem lenda í 1. og 2. sæti í riðlakeppni 4. deildar 2022, að frádregnum félögunum tveimur sem flytjast í 3. deild keppnistímabilið 2023.*

*Keppnistímabilið 2023 skal 5. deild karla skipuð eftirfarandi liðum:*

- a) *Öllum þeim félögum sem lenda í 3. sæti í A, B, C, D og E riðli 4. deildar 2022 (5 félög).*
- b) *Öllum þeim félögum sem lenda í sætum 4, 5 og 6 í A, B og C riðlum 4. deildar 2022 (9 félög).*
- c) *Þeim tveimur félögum sem bera sigur úr býtum í eftirfarandi:*
  - o *Umspili þeirra félaga sem lenda í 4. sæti D riðils og 5. sæti E riðils 4. deildar 2022.*
  - o *Umspili þeirra félaga sem lenda í 4. sæti E riðils og 5. sæti D riðils 4. deildar 2022.*
    - *Leika skal two leiki, heima og heiman. Þar mætast:*

|                       |                |                |
|-----------------------|----------------|----------------|
| <i>Fyrri leikur:</i>  | <i>E5 – D4</i> | <i>D5 – E4</i> |
| <i>Seinni leikur:</i> | <i>D4 – E5</i> | <i>E4 – D5</i> |

*Í Utandeild KSÍ keppnistímabilið 2023 leika þau félög sem ekki eiga sæti í efri deildum.*

## **23.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 23.2.1 Pátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 23.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni
- 23.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 23.2.4 Draga skal um hvaða lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli sbr. þó gr. 23.2.6. Keppnin skal vera tvískipt:
- a. Undankeppni
  - b. Aðalkeppni

- 23.2.5 Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í efstu deild. Svæðakeppni skal viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið komist áfram í aðalkeppnina. Skal undankeppni lokið fyrir miðjan júní.
- 23.2.6 Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir miðjan apríl og hefja þá liðin sem leika í efstu deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar eða annarra ástæðna.
- 23.2.7 Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli. KSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.
- 23.2.8 Mótanefnd er heimilt að gera breytingar á niðurröðun leikja eftir 8 liða úrslit bikarkeppninnar með tilliti til þátttöku liða í Evrópukeppni á eftirfarandi forsendum: Hafi lið spilað 6 leiki á undangengnum þremur vikum eða innan 48 tímar liðið frá lokum ferðalags vegna þátttöku í Evrópukeppni hefur mótanefnd heimild til þess að færa leikdaga, óski félag eftir frestun.
- 23.2.9 Tekjur af seldom aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á
- 23.2.10 Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og uppihaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútfyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.
- 23.2.11 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.
- 23.2.12 Af leikjum í aðalkeppni skal greiða gjald í sameiginlegan sjóð af nettótekjum þar sem til tekna eru aðeins taldir seldir aðgöngumiðar, sem hér segir:
- Af leikjum í 2. umferð aðalkeppni 10%.
  - Af leikjum í 3. umferð aðalkeppni 10%.
  - Af undanúrslitaleikjum 15%.
  - Af úrslitaleik 15%.
- 23.2.13 Sameiginlega sjóðnum, sem skal vera í vörsu KSÍ, skal skipt þannig að fyrst er greitt tap, sem þátttökuaðilar hafa orðið fyrir, og skal greitt hlutfallslega nægi sjóðurinn ekki fyrir öllu tapinu. Verði afgangur, skiptast eftirstöðvarnar milli þátttökuaðila í hlutfalli við greiðslur í sjóðinn.
- 23.2.14 Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.
- 23.2.15 Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppninnar.

### **23.3 Meistarakeppni KSÍ**

- 23.3.1 Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara KSÍ. Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í efstu deild.
- 23.3.2 Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.

- 23.3.3 Tekjur af seldom aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Venjulegur kostnaður við leiki, þ.e. vallarleiga, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómarar greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði. Hagnaður eða tap af leiknum skal skiptast jafnt milli leikaðila.

#### **23.4 Samningsskylda**

- 23.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í Íslandsmóti og/eða bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki með félagi sem á sæti í efstu deild karla skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokkks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.
- 23.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 23.4.1 skal féluginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

24.gr.  
2. flokkur karla

#### **11 MANNA LIÐ**

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta.

Stærð knattar: 5

#### **24.1 Íslandsmót**

- 24.1.1 Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð 10 liðum, B deild 10 liðum og C deild skal skipuð þeim félögum sem ekki eiga lið í A eða B deild. Heimilt er að skipta C deild í riðla. Sigurvegari í A deild telst Íslandsmeistari.
- 24.1.2 Í öllum deildum skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið two leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í C deild getur mótanefnd vikið frá þessu ákvæði. Keppnin er stigakeppni.
- 24.1.3 Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild, en tvö efstu liðin í C deild taka sæti þeirra í B deild. Sé C deild leikin í riðlum skal fara fram úrlitakeppni um tvö laus sæti í B deild skv. ákvörðun mótanefndar.
- 24.1.4 Ef sæti losnar í A eða B deild flyst liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan upp um deild.
- 24.1.5 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 2. aldursflokkks B liða er ber nafnið 2. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 2. flokki B hefur engin áhrif á 2. flokk A. Leikmenn sem leikið hafa í meistaraflokki og ekki hafa leikið í

keppni B-liða í Íslandsmóti eru óhlutgengir (þetta gildir ekki um leikmenn sem leikið hafa í 4. deild).

## **24.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 24.2.1 Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 24.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 24.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 24.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 24.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

25.gr.  
3. flokkur karla

### **11 MANNA LIÐ**

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálffleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálffleik framlengingar til leikmannaskipta.

Stærð knattar: 5

*Þrátt fyrir ákvæði 25.1 fer um keppni A-liða keppnistímabilið 2022 eftir bráðabirgðaákvæði 25.4.*

## **25.1 Íslandsmót - 11 manna lið**

- 25.1.1 Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð 8 liðum, B deild 8 liðum og C deild skal skipuð þeim félögum sem ekki eiga lið í A eða B deild. Heimilt er að skipta C deild í two eða þrjá hópa ef þurfa þykir. Einnig er mótanefnd heimilt að skipta C deild í hópa eftir landshlutum telji hún ástæðu til.
- 25.1.2 Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild. Tvö efstu liðin í C deild skulu flytjast í B deild næsta keppnisár. Ef C deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni C deilda sem ákvarði hvaða félög flytjist í B deild og hvaða félag teljist sigurvegari C deilda.
- 25.1.3 Í öllum deildum skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið two leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Þó er mótanefnd heimilt að gera undantekningu varðandi C deild. Keppnin er stigakeppni.
- 25.1.4 Eftir deildarkeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratalin. Í úrslitakeppninni skulu leika sigurvegarar A, B og C deild og lið í öðru sæti A deilda. Leikið er með útsláttarfyrirkomulagi. Í undanúrslitum leikur A1 gegn C1 og A2 gegn B1. Síðan skal fara fram úrslitaleikur. Deildakeppni skal fara fram á tímabilinu maí til ágúst og úrslitakeppni í september.

- 25.1.5 Mótanefnd er heimilt að veita félagi, sem skráir tvö lið til keppni, undanþágu til að lið 2 leiki sem C lið. Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum móturnum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þáttökutilkynningu.
- 25.1.6 Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem C lið, sbr. ákvæði 25.1.5, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.
- 25.1.7 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.
- 25.1.8 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks C liða er ber nafnið 3. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki C hefur engin áhrif á 3. flokk B.

## **25.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 25.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 25.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 25.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 25.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 25.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

### **7 MANNA LIÐ**

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

## **25.3 Íslandsmót - 7 manna lið**

- 25.3.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 25.3.2 Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 25.3.3 Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 25.3.4 Mótinu er skipt í two hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 25.3.5 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.
- 25.3.6 Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2022:

#### **25.4 Íslandsmót A-liða**

- 25.4.1 Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2022 fara eftir ákvæði þessu.
- 25.4.2 Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.
- 25.4.3 Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:
  - a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
  - b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
  - c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.
- Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færst niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færst upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.
- 25.4.4 Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

#### **25.5 Undanþága frá keppni A-liða**

- 25.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2022:
  - a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
  - b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótmum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttöktulkynningu.

26.gr.  
4. flokkur karla

#### **11 MANNA LIÐ**

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skipti á leikmönnum mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn án þess að leikur sé stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.

Stærð knattar: 4.

#### **26.1 Íslandsmót - 11 manna lið**

- 26.1.1 Keppnin skal vera svaeðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A, B og C riðill),

Norðurland (E riðill),

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

26.1.2 Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. Þau tvö lið sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu liðin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.

26.1.3 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið á sama svæði.

Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótmum, fjölða iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.

26.1.4 Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B eða C lið, sbr. ákvæði 26.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

26.1.5 Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.

26.1.6 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess.

26.1.7 Eftir riðlakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ.

26.1.8 Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.

26.1.9 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokk B liða er ber nafnið 4. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 4. flokki B hefur engin áhrif á 4. flokk A. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokk eru óhlutgengir. Úrslitakeppni 4. flokks B fer fram skv. ákvörðun mótanefndar.

26.1.10 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokk C liða er ber nafnið 4. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og B liðin. Útkoma liða í 4. flokki C hefur engin áhrif á 4. flokk B. Úrslitakeppni 4. flokks C fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokk eru óhlutgengir.

26.1.11 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokk D liða er ber nafnið 4. flokkur D. Leitast skal við að D liðin leiki við sömu andstæðinga og C liðin. Útkoma liða í 4. flokki D hefur engin áhrif á 4. flokk C. Úrslitakeppni 4. flokks D fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokk eru óhlutgengir.

## 26.2 Bikarkeppni KSÍ

26.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

26.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

26.2.3 Keppt skal samkvæmt útisláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.

26.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

26.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

## 8 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

### **26.3 Íslandsmót - 8 manna lið**

- 26.3.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 26.3.2 Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 26.3.3 Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 26.3.4 Mótinu er skipt í two hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 26.3.5 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styttu leiktímann.
- 26.3.6 Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

27.gr.  
5. flokkur karla

### **8 MANNA LIÐ**

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Hvíld: Stöðva skal leik í u.p.b. 2 mín um miðjan fyrri hálfleik og aftur um miðjan seinni hálfleik.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7.5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

### **27.1 Íslandsmót.**

- 27.1.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 27.1.2 Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í 4 svæði: Suður- og Vesturland (A, B og C riðill), Vestfirðir (D riðill), Norðurland (E riðill) og Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.
- 27.1.3 Keppni fer fram í A, B, C, D, E og F liðum.
- 27.1.4 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:
  - a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C lið.
  - b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.
  - c) Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið.
- Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum móttum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 27.1.5 Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C eða D lið, sbr. ákvæði 27.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.

- 27.1.6 Leitast skal við að B, C, D, E og F lið leiki í sama riðli og A lið.
- 27.1.7 Þau tvö félög sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu félögin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. Þau tvö félög sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu félögin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.
- 27.1.8 Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 27.1.9 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styttu leiktímann.
- 27.1.10 Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-, B-, C-, D-, E- og F-liða um Íslandsmeistaratalinn skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ.
- 27.1.11 Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C, D, E eða F) sama leikdaginn. Þegar félag er með tvö A og B lið í móti gildir: Leikmanni, sem leikið hefur með liði 1 (A eða B lið), er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.
- Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A, B, C, D, E eða F) í úrslitakeppni og skal almennt miða við að leikjahæstu leikmenn hvers liðs fyrir sig í riðlakeppni leiki einnig fyrir viðkomandi lið félagsins í úrslitakeppni. Eftirfarandi takmörkunum skal fylgt: Sjö leikjahæstu leikmenn A liðs (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði) eru ekki hlutgengir með B liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A liðs og 7 leikjahæstu leikmenn B liðs eru ekki hlutgengir með C liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A og B liðs og 7 leikjahæstu leikmenn C liðs eru ekki hlutgengir með D liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A, B, C liðs og 7 leikjahæstu leikmenn D liðs eru ekki hlutgengir með E liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A, B, C, D liðs og 7 leikjahæstu leikmenn E liðs eru ekki hlutgengir með F liði í úrslitakeppni.
- 27.1.12 Svæðakeppnin skal hefjast í maílok og ljúka í vikulok í síðari hluta ágúst en úrslitakeppninum um Íslandsmeistaratalinn skal hefjast viku síðar.

28.gr.

*Eldri flokkur karla 40 ára og eldri og 50 ára og eldri.*

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

## 28.1 Íslandsmót 40 ára og eldri

- 28.1.1 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem verða 40 ára á almanaksárinu og eldri.
- 28.1.2 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 28.1.3 Mótanefnd skal ákveða fyrirkomulag mótsins þegar þátttaka liggur fyrir.

## 28.2 Íslandsmót 50 ára og eldri

- 28.2.1 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem verða 50 ára á almanaksárinu og eldri.
- 28.2.2 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 28.2.3 Mótanefnd skal ákveða fyrirkomulag mótsins þegar þátttaka liggur fyrir.

29.gr.  
*Meistaraflokkur kvenna*

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbóta skipting er heimiluð í framlengingu.

**Ákvæði til bráðabirgða 2022:**

*Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.*

Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efstu deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettir eru jafngildir. Skiptknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

## 29.1 Íslandsmót

- 29.1.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þáttökuliðum skipt í þrjár deildir. Efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild öðrum liðum. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deilda.
- 29.1.2 Tvö neðstu liðin í efsta deild færast næsta leikár niður í 1. deild og tvö efstu liðin í 1. deild færast næsta leikár upp í efsta deild.
- 29.1.3 Tvö neðstu liðin í 1. deild færast næsta leikár niður í 2. deild og tvö efstu liðin í 2. deild færast næsta leikár upp í 1. deild.
- 29.1.4 Stjórn KSÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag í 2. deild þegar þátttaka liggur fyrir. Heimilt er að skipta liðum í riðla eða viðhafa svæðakeppni og síðan úrslitakeppni um sæti í 1. deild. Við skiptingu í riðla er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, svæða og ferðakostnaðar.
- 29.1.5 Í öllum deildum er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið two leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni. Heimilt er í 2. deild að víkja frá þessu ákvæði.
- 29.1.6 Við niðurröðun leikja skal miða við að hvert lið leiki einn leik í víku en mótanefnd getur þó raðað þéttar niður.
- 29.1.7 Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu umferð í efsta deild kvenna á sama tíma. Leikir í síðustu umferð deilda, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum skulu ávallt fara fram á sama tíma nema óviðráðanlegar aðstæður (t.d. veður) valdi að því verði ekki við komið að mati mótanefndar. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessari umferð, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.
- 29.1.8 Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þáttöku í 2. deild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efsta deild eða 1. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deilda fyrir neðan flyst upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið tilbaka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ skal þó farið eftir grein 29.1.9.
- 29.1.9 Ef félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ skal fara með flutning liða milli deilda og þáttöku þeirra í Íslandsmótinu samkvæmt eftirfarandi:

- a. Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem ekki hlýtur þáttökuleyfi, skal leika í 1. deild á leyfistímabilinu/keppnistímabilinu.
- b. Ef sæti losnar í efstu deild vegna þess að umsókn um þáttökuleyfi var hafnað skal liðið, sem fíll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þáttökuleyfis í efstu deild á leyfistímabilinu, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 1. deild, o.s.frv.

29.1.10 Lögð skal áhersla á að leikir fari fram á völlum með grasi eða knattspyrnugrasi. Sé leikið á malarvelli (1. eða 2. deild) skal framkvæmdaraðili leiks (heimalið) tilkynna aðkomuliði um það með sólarhrings fyrirvara.

29.1.11 Heimalið greiðir kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og uppihaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflyst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna félaginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar fyrir 18 manns (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómarí verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Hafi leiknum verið aflyst með meira en 24 stunda fyrirvara á aðkomulið ekki rétt á greiðslu helmings ferðakostnaðar. Mótanefnd KSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

29.1.12 Tekjur af seldom aðgöngumiðum skulu renna til heimaliðs, en tekjur af útvarpi og sjónvarpi skiptist milli leikaðila. Við aðgöngumiðasölu skal skyld að nota númeraða miða. Stjórn KSÍ getur ákveðið lágmarksverð aðgöngumiða.

## **29.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 29.2.1 Pátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 29.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 29.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 29.2.4 Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í efsta deild. Aðalkeppni hefst með 16 liða úrslitum þegar lið í efsta deild kvenna hefja þáttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 29.2.5 Tekjur af seldom aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Allar aðrar tekjur skulu renna til heimaliðs, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi. Um aðgöngumiða gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti eftir því sem við á
- 29.2.6 Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og uppihaldskostnaður dómarar greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútfyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.
- 29.2.7 Hugsanlegt tap greiðist af leikaðilum að jöfnu. Verði að aflýsa leik, gilda sömu ákvæði og í Íslandsmóti.
- 29.2.8 Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli. KSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila..
- 29.2.9 Í úrslitaleik skulu leikaðilar eiga rétt á öllu auglýsingasvæði við leikvöllinn. KSÍ skal þó eiga rétt á 40 metra auglýsingasvæði miðsvæðis meðfram langhlið vallar og 20 metra til hvors enda fyrir fasta styrktaraðila. Svæði því sem kemur í hlut leikaðila, skulu þeir skipta með sér til helminga og hljóta óskiptar tekjur hvor fyrir sig af sölu eigin svæðis, nema leikaðilar komist að öðru samkomulagi.

29.2.10 Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppninnar.

### **29.3 Meistarakeppni KSÍ**

- 29.3.1 Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara KSÍ. Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í efstu deild.
- 29.3.2 Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.
- 29.3.3 Tekjur af seldom aðgöngumiðum og tekjur af útvarpi og sjónvarpi skulu skiptast jafnt milli leikaðila. Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. vallarleiga, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði. Hagnaður eða tap af leiknum skal skiptast jafnt milli leikaðila.

### **29.4 Samningsskylda**

- 29.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum á tímabilinu 1. maí til 15. október í meistaraflokki með félagi sem á sæti í efstu deild kvenna skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.
- 29.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 29.4.1 skal féluginu gefinn frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

30.gr.  
2. flokkur kvenna

#### **11 MANNA LIÐ**

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

**Ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2022:** Allir leikmenn sem eru 20 ára á almanaksárinu eru hlutgengir í 2. aldursflokki kvenna keppnistímabilið 2022 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota.

*Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.*

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta.

Stærð knattar: 5.

### **30.1 Íslandsmót**

- 30.1.1 Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð allt að 8 liðum, en B deild skal skipuð þeim liðum, sem ekki leika í A deild. Sigurvegari í A deild telst Íslandsmeistari.
- 30.1.2 Í A deild skal leikin a.m.k. tvöföld umferð og leikur hvert lið a.m.k. two leiki gegn hverju hinna liðanna. Fyrirkomulag B deildar skal vera skv. ákvörðun mótanefndar. Keppnin er stigakeppni.

- 30.1.3 Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta leikár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Ef B deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni B deildar sem ákvarði hvaða félög flytjist í A deild á næsta leikári.

## 30.2 Bikarkeppni KSÍ

- 30.2.1 Pátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 30.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 30.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 30.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 30.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skuli hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

### 7 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 5

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

## 30.3 Íslandsmót - 7 manna lið

- 30.3.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 30.3.2 Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 30.3.3 Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 30.3.4 Mótinu er skipt í two hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 30.3.5 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styttu leiktímann.

31.gr.  
3. flokkur kvenna

### 11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálffleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálffleik framlengingar til leikmannaskipta.

Stærð knattar: 5.

*Prátt fyrir ákvæði 31.1 fer um keppni A-liða keppnistímabilið 2022 eftir bráðabirgðaákvæði 31.4.*

### **31.1 Íslandsmót - 11 manna lið**

- 31.1.1 Liðum skal skipt í deildir eftir getu. A deild skal skipuð allt að 8 liðum og B deild skal skipuð þeim liðum sem ekki eru í A deild. Heimilt er að skipta B deild í hópa, t.d. eftir landshlutum.
- 31.1.2 Þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta leikár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Ef B deild er skipt í hópa skal mótanefnd ákveða fyrirkomulag úrslitakeppni B deildar sem ákvarði hvaða félög flytjist í A deild og hvaða félag teljist sigurvegari í B deild.
- 31.1.3 Í öllum deildum skal leikin a.m.k. tvöföld umferð. Þó er mótanefnd heimilt að gera undantekningu varðandi B deild. Keppnin er stigakeppni.
- 31.1.4 Eftir deildakeppni skal fara fram úrslitakeppni fjögurra liða um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar. Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í byrjun september.

### **31.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 31.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 31.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 31.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 31.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 31.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

#### **7 MANNA LIÐ**

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

### **31.3 Íslandsmót - 7 manna lið**

- 31.3.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.
- 31.3.2 Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 31.3.3 Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 31.3.4 Mótinu er skipt í two hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 31.3.5 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styrra leiktímann.
- 31.3.6 Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

Ákvæði til bráðabirgða 2022:

### **31.4 Íslandsmót A-liða**

- 31.4.1 Í 3. flokki skal keppni A-liða keppnistímabilið 2022 fara eftir ákvæði þessu.
- 31.4.2 Liðum skal raðað niður í átta liða riðla eftir getu en þó ræðst fjöldi liða í hverjum riðli af fjölda skráðra liða. Í öllum riðlum skal leikin einföld umferð skv. töfluröð í grein 20 og ræðst númer liða í töfluröð af árangri. Mótanefnd KSÍ er þó heimilt að ákveða breytt leikjafyrirkomulag í einstaka riðlum ef þurfa þykir að mati nefndarinnar, til að mynda a.t.t. til fjölda liða í umræddum riðli / riðlum.
- 31.4.3 Íslandsmót A-liða skal leikið í þremur lotum með eftirfarandi hætti:
  - a) Lota 1; skal leikin frá mars til maí mánaðar.
  - b) Lota 2; skal leikin frá maí til júlí
  - c) Lota 3; skal leikin frá ágúst til september.
 Miðað skal við að tvö neðstu liðin í hverjum riðli í hverri lotu, að neðsta riðlinum undanskildum, færst niður um riðil fyrir næstu lotu og tvö efstu liðin í hverjum riðil í hverri lotu, að efsta riðlinum undanskildum, færst upp um riðil. Eftir að keppni er í lokið í lotu 3 skal sigurvegari í efsta riðli krýndur Íslandsmeistari.
- 31.4.4 Nánar fer um mótafyrirkomulag eftir ákvörðun mótanefndar.

### **31.5 Undanþága frá keppni A-liða**

- 31.5.1 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti keppnistímabilið 2022:
  - a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
  - b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.
 Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótmum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þáttökutilkynningu.

32.gr.  
4. flokkur kvenna

#### **11 MANNA LIÐ**

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skipti á leikmönnum mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn án þess að leikur sé stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.

Stærð knattar: 4.

### **32.1 Íslandsmót - 11 manna lið**

- 32.1.1 Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í svæði:

Suðurland, Vesturland og Vestfirðir (A, B og C riðill),

Norðurland (E riðill) og

Austurland (F riðill).

Keppnin er stigakeppni.

- 32.1.2 Þau tvö lið sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu liðin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli. Þau tvö lið sem verða neðst í B riðli falla næsta keppnisár niður í C riðil en tvö efstu liðin í C riðli taka sæti þeirra í B riðli.
- 32.1.3 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá til keppni með eftirfarandi hætti:
- Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið á sama svæði. Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótmum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 32.1.4 Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B lið, sbr. ákvæði 32.1.3, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.
- 32.1.5 Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 32.1.6 Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn skv. ákvörðun mótanefndar.
- 32.1.7 Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.
- 32.1.8 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokk B liða er ber nafnið 4. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 4. flokki B hefur engin áhrif á 4. flokk A. Úrslitakeppni 4. flokks B fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokk eru óhlutgengir.
- 32.1.9 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokk C liða er ber nafnið 4. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og B liðin. Útkoma liða í 4. flokki C hefur engin áhrif á 4. flokk B. Úrslitakeppni 4. flokks C fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokk eru óhlutgengir.

## **32.2 Bikarkeppni KSÍ**

- 32.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.
- 32.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.
- 32.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.
- 32.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.
- 32.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

### **8 MANNA LIÐ**

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

## **32.3 Íslandsmót - 8 manna lið**

- 32.3.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

- 32.3.2 Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.
- 32.3.3 Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.
- 32.3.4 Mótinu er skipt í two hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.
- 32.3.5 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styttu leiktímann.
- 32.3.6 Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

33.gr.  
5. flokkur kvenna

## 8 MANNA LIÐ

Aldur: 12 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Hvíld: Stöðva skal leik í u.p.b. 2 mín um miðjan fyrri hálfleik og aftur um miðjan seinni hálfleik.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7.5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

### 33.1 Íslandsmót

- 33.1.1 Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögnum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum
- 33.1.2 Keppnin skal vera svæðakeppni og skal landinu skipt í 4 svæði: Suður- og Vesturland (A, og B riðill), Vestfirðir (D riðill), Norðurland (E riðill) og Austurland (F riðill). Keppnin er stigakeppni.
- 33.1.3 Keppni fer fram í A, B, C og D liðum.
- 33.1.4 Mótanefnd er heimilt að veita félagi undanþágu til að skrá lið til keppni með eftirfarandi hætti:
- Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B eða C lið.
  - Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 1 leiki sem B lið og lið 2 leiki sem C lið.
  - Félag sem skráir þrjú lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 og 3 leiki sem C og D lið.
- Með umsókn um undanþágu þarf að fylgja rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótmum, fjölda iðkenda o.s.frv. Rökstuðningur skal fylgja þátttökutilkynningu.
- 33.1.5 Lið sem veitt hefur verið undanþága til að leika sem B, C eða D lið, sbr. ákvæði 33.1.4, er óheimilt að taka þátt í úrslitakeppni Íslandsmóts.
- 33.1.6 Leitast skal við að B, C og D lið leiki í sama riðli og A lið. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt og úrslitakeppni A liða, en C og D fer fram eftir ákvörðun mótanefndar.
- 33.1.7 Þau tvö félög sem verða neðst í A riðli falla næsta keppnisár niður í B riðil en tvö efstu félögin í B riðli taka sæti þeirra í A riðli.
- 33.1.8 Mótanefnd skal leitast við að hafa ekki færri leiki en átta á hvert lið.
- 33.1.9 Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að styttu leiktímann

33.1.10 Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-, B-, C- og D-liða um Íslandsmeistaratalinn skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ.

33.1.11 Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) sama leikdaginn. Þegar félag er með tvö A og B lið í móti gildir: Leikmanni, sem leikið hefur með liði 1 (A eða B lið), er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A, B, C eða D lið) í úrslitakeppni og skal almennt miða við að leikjahæstu leikmenn hvers liðs fyrir sig í riðlakeppni leiki einnig fyrir viðkomandi lið félagsins í úrslitakeppni. Eftirfarandi takmörkunum skal fylgt: Sjö leikjahæstu leikmenn A liðs (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði) eru ekki hlutgengir með B liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A liðs og 7 leikjahæstu leikmenn B liðs eru ekki hlutgengir með C liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A og B liðs og 7 leikjahæstu leikmenn C liðs eru ekki hlutgengir með D liði í úrslitakeppni.

33.1.12 Keppnin skal hefjast í maílok og ljúka í ágústlok.

## V. kafli. MÓTMÆLI, KÆRUR, VIÐURLÖG OG SEKTIR

34. gr.

*Mótmæli, kærur o.fl.*

- 34.1 Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.
- 34.2 Félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðar þessarar, hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar. Kæra skal lögð fram á skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Um málatilbúning fer samkvæmt fyrrnefndri reglugerð.
- 34.3 Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar. Skal hann skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál skv. grein 34.2., eins og við getur átt.
- 34.4 Í innanhúsmótum (Futsal) og úrslitakeppnum yngri flokka þar sem leikið er með hraðkeppnisformi, daglega eða yfir nokkra daga, skulu mótmæli vegna ólöglega skipaðs liðs lögð fram skriflega hjá umsjónaraðila móts (mótsstjóra/fulltrúa KSÍ á staðnum) innan tveggja klukkustunda frá því að atvik það sem mótmælt er bar við. Framkvæmdastjóri KSÍ skal hafa vald til þess að úrskurða í slíkum tilfellum og telji hann að lið hafi augljóslega verið ólöglega skipað skal hann úrskurða leikinn tapaðan liðinu sem í hlut á með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Úrskurði framkvæmdastjóra má kæra til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, en slík kæra kemur ekki í veg fyrir að viðkomandi keppni haldi áfram.
- 34.5 Þótt félag sé uppvist að brotum á reglugerðum KSÍ eða knattspyrnulögunum, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu.
- 34.6 Mótanefnd sker úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja og hún hefur rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund.
- 34.7 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hún að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur nefndin beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Nefndin tekur ekki ákvörðun um sektir skv. 37. gr. nema að ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ hafi verið skotið til nefndarinnar.

35.gr.  
*EKKI MÆTT TIL KEPPNI*

- 35.1 Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði.
- 35.2 Liði, sem ekki mætir til keppni two leikdaga í móti, skal vísað úr mótinu.
- 35.3 Liði, sem mætir til leiks með færri en 9 leikmenn, er ekki heimilt að hefja leikinn og telst ekki hafa mætt til hans.

36.gr.  
*ÓLÖGLEGÁ SKIPAÐ LIÐ*

- 36.1 Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 75.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000.
- 36.2 Leikmaður sem leikur með yngri aldursflokk en honum ber skal úrskurðaður í leikbann í a.m.k. einn mánuð eð a.m.k. í 6 leiki.
- 36.3 Ef leikskýrsla er vísvitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísvitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.
- 36.4 Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár.

37.gr.  
*SEKTIR*

- 37.1 Framkvæmdastjóri KSÍ tekur ákvörðun um sektir og bætur samkvæmt grein þessari.
- 37.2 Félag, sem sektað er skv. ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ, getur skotið þeirri ákvörðun til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ innan sólarhrings frá því að félaginu var tilkynnt um ákvörðunina. Málsmeðferð fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fer samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.
- 37.3 Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómar, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemí 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 140.000 í meistaraflokki en kr. 35.000 í öðrum flokkum. KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.

- 37.4 Ef lið hættir þáttöku í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í two leiki skal það tapa áunnum stigum, sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins, sæta sektum og er ekki undanþegið skaðabótaskyldum. Sektir skulu vera kr. 150.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum flokkum.
- 37.5 Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að upphæð kr. 25.000 í meistaraflokki og kr. 15.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 80.000 í meistaraflokki og kr. 35.000 í öðrum flokkum.
- 37.6 Lið, sem breyta leiktíma og leikstað án samþykkis mótanefndar, skulu sæta sekt að upphæð kr. 30.000 hvort lið.
- 37.7 Vanræksla á skráningu úrslita í gagnagrunn KSÍ varðar sektum, kr. 200 á leik. Vanræksla á skráningu upplýsinga á leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ varðar dagsektum, kr. 150 á dag. Vanræksla á skilum á leikskýrslum varðar dagsektum, kr. 150 á dag.
- 37.8 Vanræki aðildarfélag að senda skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld innan tilskilins frests, getur mótanefnd beitt dagsektum, kr. 150 á dag.
- 37.9 Allar sektir skulu renna til KSÍ nema annars sé getið. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þáttöku í keppnum á næsta keppnistímabili.

## VI. Kafli. GILDISTAKA

38.gr.  
*Gildistaka*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20., 28. og 33. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi, sbr. 20. grein þeirra laga.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 26. apríl 2022.*